

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur,
mundi ég' setja' þær allar inn,
elsku besti vinur minn.

∴;Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa∴;

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.

Einn með poka ekki ragur.
Úti vappar heims um ból.

Góðan daginn og gleðileg jól.

∴;Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa∴;

Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér,
að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
∴;Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi, nafni minn.∴;

Ó hangikjöt

Ó hangikjöt, ó hangikjöt
og rófustappa, grænar baunir,
súrhvalur.

Ó hangikjöt, ó hangikjöt
og sviðasulta, hrútspungar og
harðfiskur.

∴; og hákarl og flatbrauð,
mér finnst svo gott að borða allann
þennan mat.∴;

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá,
Kaldri vetrarnóttu á,
∴; Verður margt að meini∴;
Fyrr en dagur fagur rann,
Freðið nefið dregur hann
∴; undan stórum steini∴;

Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum

ég segi það satt.

Ég er skólaus og skjálfandi

og hef engann hatt.

Það snjóaði í morgun

það snjóaði í dag.

ég er hreint alveg ráðalaus,

en hvað um það?

Ég syng mína vísu

um snjóinn og mig.

Tralla la la la la la um snjóinn og mig.

Þorraleikur

Harðfiskur, harðfiskur.

Flatbrauð, flatbrauð.

Hangikjöt, hangikjöt

Sviðasulta, sviðasulta.

Lundabaggi, lundabaggi.

Slátur, slátur, slátur, slátur,

slátur, slátur, slátur, slátur.

HÁKARL

Nú er frost á Fróni

Nú er frost á Fróni

frýs í æðum blóð,

kveður kuldaljóð

Kári í jötunmóð.

Yfir Laxalóni

liggur klakapil

hlær við hríðarbyl

hamragil.

Marar bára blá

brotnar þung og há

unnarsteinum á

yggl og grett á brá

Yfir aflatjóni

æðrast skipstjórinn,

harmar hlutinn sinn

hásetinn.